

Hrosshárið er spennandi

Ég lærði að vinna hrosshár til þess að sú list gleymdist ekki og það má segja að það sé mitt skylduverk við þjóðina, segir Sigurlaug Jóhannesdóttir vefari og langbrók en, við heimsóttum hana á Mímisvegin einn kaldan vetrardag fyrir skömmu. Nú stendur yfir kynning á verkum hennar í Gallerí Langbrók og auk þess er hún að flytja af landi brott. Það er því viðeigandi að heimsækja hana og inna hana svolítið um hrosshárið sem hún vinnur nú eingöngu með.

— Eru fáir sem kunna að fara með hrosshár?

— Það eru ekki nema fáir karlar hér og hvar um landið. Ég fór upp í Borgarfjörð til að læra að vinna hrosshárið hjá Sigurði á Sleggju-læk. Hann spurði mig hvort ég kynni að bregða gjörð og flétta reipi eins og gert var í gamla daga og þegar ég játti því trúði hann mér ekki. Hann fór og rakti upp og lét mig gera þetta og þá fyrst trúði hann mér. Sigurður kenndi mér ýmislegt m.a. að spinna á svokallaða vitlausu snældu og ég gæti best trúað að ég væri sú eina sem vinn með slíka snældu nú til dags.

— Fyrirgefðu fáfræðina en hvað er að bregða gjörð?

— Það er að búa til hrosshárs-gjörð á hnakka eins og ávallt var gert. Nú er farið að nota plast-gjarðir og finnst mér það óskaplegt klám að sjá t.d. eiturgreina gjörð, kannski á rauðum hesti. En það er náttúrulega þægilegt að hafa þessar plastgjarðir því að



Sigurlaug við vinnu sína: Hrosshárið er stíft og glansandi og dettur aldrei dautt niður. Ljós.: Atli

hrosshárs-gjarðirnar eru dálítið vandmeðfarnar. Hrosshár vill mygla ef það er rakt lengi.

— En hvað er svona spennandi við hrosshárið þá?

— Þetta er ákaflega fallegt efni, stíft og glansandi og dettur aldrei dautt niður. Auk þess er ullin ekkert spennandi af því að maður fær ekki alvöru íslenskt ullarband núna nema vinna það sjálfur.

— Ert þú eini íslenski listamaðurinn sem vinnur með hrosshár?

— Nei, það var Ásgerður Búa-dóttir sem byrjaði á því að nota hrosshár í myndverk og það er þannig sem ég fékk kveikjuna. En ég er líklega sú eina sem nota

það eingöngu.

— En erlendis?

— Ég veit um listamenn sem hafa prófað þetta en ekki haldið áfram með það. Einnig veit ég til þess að á Englandi eru unnin óskaplega falleg hrosshársáklæði og í Danmörku var einnig slík verksmiðja en ég veit ekki hvort hún er enn við lýði.

— Hvaðan færðu hrosshárið?

— Ég fæ það saltað úr sláturhúsi og það er geysimikið verk og sóðalegt að þrifa það. Annars er öllu hrosshári hent og það finnst mér mikil synd og skömm og eins það hvernig við göngum framhjá gömlum hefðum.

— Þú býrð eingöngu til listaverk en ekki nytjahluti?

— Já. Að vísu óf ég í fyrri stóra mottu sem ég seldi svo Sambandinu. Ég hef gert ráðstafanir til að panta rafmagnsspólurokk sem ég ætla að vita hvort ég get notað. Það er hægt að búa til dýrindis-hluti úr hrosshári en ég hef ekki möguleika á að hreinsa eða geyma hrosshár í stórum stíl.

— Hefur þú kennt öðrum kúnt-ina?

— Ég hef kennt þetta svolítið í Myndlistaskólanum.

— Og þú ert með kynningu á verkum þínum í Gallerí Langbrók?

— Já, ég kalla þetta kynningu af því að þetta eru gömul verk. Ég vildi halda þessa kynningu núna bæði af því að ég er að flytjast til útlanda og af því að þessi verk eru að fara á sýningu í Finnlandi og verða í burtu í 2 ár.

— Hvaða sýning er það?

— Það er finnska listiðnaðarsafnið og Norræna húsið sem standa fyrir henni og ég á 5 verk á henni. Þessi sýning á að fara um öll Norðurlönd.

— Hefurðu fengið góðar viðtökur þar sem verk þín hafa verið sýnd erlendis?

— Já, það hef ég fengið. Ég var t.d. með í sýningu á vegum Scandinavia Today í Bandaríkjunum og þar var ég mikið spurð um verk mín.

— Að lokum. Hvers vegna ertu að flytjast til útlanda?

— Það stafar nú einfaldlega af því að maðurinn minn fékk vinnu í Ósló, var þar veitt staða til fjögurra ára. En ég fer með hrosshárið með mér og hlakka bara til.

—GFr




Tómasar-kvöld í Hallgrímskirkju

Listvinafélag Hallgrímskirkju efnir í kvöld miðvikudaginn 1. febrúar kl. 21.00 til dagskrár til minningar um Tómas Guðmundsson skáld.

Andrés Björnsson útvarpsstjóri les úr ljóðum skáldsins, Matthías Johannessen, skáld, les úr samtalsbók sinni „Svo kvað Tómas“ um trúarviðhorf hans og Blásarakvintett Reykjavíkur leikur Kvintett op. 71 eftir Ludwig van Beethoven, en Blásarakvintettinn skipa: Bernard Wilkinson, flautuleikari, Daði Kolbeinsson, óbóleikari, Einar Jóhannesson, klarinettleikari, Joseph Ognibene, hornleikari og Hafsteinn Guðmundsson, fagottleikari. Í lok samkomunnar verður sunginn Náttöngur.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill, en samkoman hefst sem fyrr segir klukkan 21.00.

Viðtal við Sigurlaugu Jóhannesdóttur vefara en nú stendur yfir kynning á verkum hennar í Gallerí Langbrók



Gunnar Valdimarsson og Snær Johannesson í Bókinni. Þeir hafa orðið varir við að fólk sé að selja bækur til að eiga fyrir mat. Þjóðviljamynd -Atli

Fornbókasalan komin í gamalt hús við Laugavegin

Verslunin Bókin í framtíðarhúsnæði

Bókin hefur flutt verslun sína að Laugavegi 1. Þá er hún aftur komin á fyrri slóðir því verslunin var neðst á Skólavörðustígnum þangað til fyrir ári síðan að hún fluttist á Laugaveg 20b.

Í Bókinni eru seldar gamlar bækur sem flestar eru keyptar úr dánarbúum og af fólki sem er að flytja af landi eða milli landshluta.

Einnig eru þar á boðstólum ónotaðar bækur sem eru keyptar af forlögum þegar þær eru orðnar þriggja ára og eldri.

Þjóðviljinn ræddi við Gunnar Valdimarsson verslunarstjóra og Snær Jóhannesson sem báðir eru kunnugir viðskiptavinum Bókarinnar. Þeir sögðu að verslunin hafi haldist í svipuðum skorðum síðustu

mánuði og fyrr, þrátt fyrir hvað margir eru illa staddir fjárhagslega. Fyrir jólin var töluverð sala í ódýrum læsilegum bókum sem keyptar voru af forlögnum sögðu þeir.

„Við verðum varir við að fólk er að selja fyrir mat og það hefur ekki gerst langa lengi“ sögðu Gunnar og Snær. Þeir sögðust vilja benda fólki á að henda ekki bókum heldur leyfa þeim að skoða þær fyrst. Oft fréttu þeir af ófánlegum bókum sem þannig lenda í ruslinu án þess að fólk hafi átt að sig á að einhverjir hefðu hug á að kaupa þær.

Halldór og Snær eru ánægðir með húsnæðið sem þeir eru komnir í. Húsið var reist árið 1848 af trésmiði frá Mecklenburg. Frá árinu 1903 hefur verið verslað í þessu húsi, síðustu ár var leikfangaverslun í þeim hluta sem fornbókaverslunin Bókin er nú.

—jp

Þorvaldur Skúlason í Búnaðarbankanum

Í tilefni af nýrri listaverkabók Þorvalds Skúlasonar og til heiðurs listamanninum sýnir Búnaðarbankinn 28 myndir eftir hann í nýjum húsakynnum gjaldeyrisdeildar í aðalbanka, og sal þar inn af. Myndirnar eru frá ýmsum tímum og eru flestar í eigu Listasafns Háskóla Íslands. Sýningin er opin á venjulegum opnunartíma bankans.



Mynd Þorvaldar Skúlasonar frá 1943 af Halldóri Laxness. —eik.

Vísnavinir:

Aðalfundur og árshátíð

Aðalfundur Vísnavina verður haldinn að Frikirkjuvegi 11 fimmtudaginn 9. febrúar kl. 20.30 og árshátíð Vísnavina verður haldin í Rafveituheimilinu v/Elliðaár föstudaginn 10. febrúar, kl. 20.00. Miðar fást hjá Aðalsteini sími 28892

Gítartónleikar fyrir norðan

Pétur Jónasson gítarleikari heldur á næstu dögum þrenna tónleika í Skagafirði og á Blönduósi.

Fyrstu tónleikarnir verða í Héðinsmynni í Blönduhlíð fimmtudaginn 2. febrúar kl. 21. Föstudaginn 3. febrúar kl. 21 verða tónleikar í Höfðaborg á Hofsi og laugardaginn 4. febrúar verða síðan tónleikar í Tónheimilinu Björk á Blönduósi og hefjast þeir kl. 14.

Á efnisskránni eru m.a. verk eftir Johann Sebastian Bach, Albéniz, Villa-Lobos og William Walton.